

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 84/2000

frá 2. október 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til kerfisins fyrir færadursfræðilegt eftirlit og varnir gegn smitsjúkdómum í bandalaginu (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB)⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lok 1. mgr.:

„- **399 D 2119:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2119/98/EB frá 24. september 1998 um að koma upp kerfi fyrir færaldursfræðilegt eftirlit og varnir gegn smitsjúkdómum í bandalaginu (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 1).“;

2. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. mgr:

EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu þremur undirliðum í 1. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 1997, í áætluninni sem um getur í fimmta undirlið frá 1. janúar 1998 og í áætlununum sem um getur í sjötta, sjöunda, áttunda og níunda undirlið frá 1. janúar 2000.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún gildir frá 1. janúar 2000

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner